

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2016, 21. mars, var haldinn 35. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.30. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Diljá Ámundadóttir, Natan Kolbeinsson, Eva Baldursdóttir, Björn Gíslason og Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gísli Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Óskar Jörgen Sandholt og Theódóra Sigurðardóttir.

Fundarritari var Unnur Margrét Arnardóttir.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um stöðu verkefna er varða umbætur og gagnsæi fjárhagsupplýsinga, dags. 16. mars 2016.
  2. Lögð fram tillaga stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um rafrænt þjónustuver, dags. 18. mars 2016.  
Samþykkt samhljóða og vísað til borgarráðs.
  3. Lögð fram tillaga stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um breytingar á verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfi, dags. 18. mars 2016.
- Kl. 13.48 tekur Hildur Sverrisdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Hildur Sverrisdóttir og Björn Gíslason, telja að þrátt fyrir að þær breytingar sem nú liggja fyrir séu sem slíkar ágætar sé meiri þörf á að bæði verkefnin verði sett á bið að lágmarki í eitt ár svo hægt að sé að rýna heildstætt þær athugasemdir sem koma fram í nýlegri úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Þar kom til að mynda fram að markmiðs- og árangurssetningar verkefnanna væru óskýr og þá sérstaklega með tilliti til kostnaðar við verkefnin. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að betri og gagnlegri vinnubrögð væru að fara ekki í svona bútasam við lagfæringar heldur taka meira mark á þeim grundvallar ábendingum sem koma fram í úttektinni og gera heildstæðar breytingar í því góða tómi sem myndi skapast með því að verkefnin séu á bið – fyrir utan þann augljósa kost að með því myndi sparast það fjármagn sem ættu að fara í verkefnin í þetta eina ár sem borgarsjóði er ekki vanþörf á.

4. Lagt fram svar borgarritara, dags. 18. mars 2016, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi íbúakönnun Gallup, sbr. 8. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 8. febrúar 2016.

Frestað.

5. Lögð fram til kynningar drög að erindisbréfi stýrihóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar.
  6. Fram fer umræða um sameiginlegan opinn fund stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og mannréttindaráðs.
- Kl. 14.38 víkur Björn Gíslason af fundi.

**Fundi slitið kl. 14:56**

Halldór Auðar Svansson

Diljá Ámundadóttir  
Eva Baldursdóttir  
Jón Ingi Gíslason

Natan Kolbeinsson  
Hildur Sverrisdóttir